



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2022

2208004SA GB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um frv. til br. á l. um menningarminjar, 429. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hafa átt ágætt samráð við gerð umsagna um áformaskjal ráðuneytisins og drög að frumvarpi, sem birt var í samráðsgátt. Takmarkað tillit hefur verið tekið til sjónarmiða í þessum umsögnum, að því frátöldu að ráðuneytið féllst á að afla umsagnar húsafriðunarnefndar um frumvarpsdrögin áður en frumvarp var lagt fram á Alþingi.

Ekki er ágreiningur um að brýn þörf er á að afnema svonefnda 100 ára reglu um friðun húsa. Sjónarmið fulltrúa sveitarfélaga hafa hins vegar verið að ekki sé gengið nógu langt með því að viðmiðunarári aldursfriðunar verði hér eftir byggingarárið 2923. Í umsögn sambandsins í samráðsgátt voru rakin sjónarmið sem mæla fremur með að miða við árið 1915 og til vara 1918. Undir þessi sjónarmið hefur Reykjavíkurborg tekið og einnig fulltrúi sveitarfélaga í húsafriðunarnefnd, þótt nefndin hafi í umsögn sinni stutt efni frumvarpsins.

Sambandið telur ástæðu til að minna á að á þessu ári var undirritaður rammasamningur milli sambandsins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og innviðaráðuneytisins um aukið framboð íbúða á árunum 2023-2032. Með rammasamningum fylgir aðgerðaáætlun þar sem m.a. er lögð áhersla á að einfalda og stytta ferla við uppbyggingu húsnæðis. Víðtæk lagaákvæði og þungir stjórnsýsluferlar um friðun húsa geta unnið gegn þessu markmiði.

Til frekari skýringa skal minnt á að óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé leyfis stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingaleyfisskyldar framkvæmdir og sömu gögn send Minjastofnun til umsagnar og senda þarf til byggingarfulltrúa. Augljóst er að hér er um að ræða feril sem tekur tíma og getur tafið framgang framkvæmda. Mikilvægt er að löggjafinn afmarki umfang slíkra ferla í samhengi við þá hagsmuni sem talin er þörf á að vernda með lögum.

Brotthvarf frá 100 ára aldursviðmiði getur stuðlað að markmiðum samningsins en sambandið telur samt rétt að ítreka að í frumvarpinu er ekki gengið nógu langt í átt til einföldunar. Of mörg hús verða áfram aldursfriðuð, eins og rakið er í töflu 1 í skýringum með frumvarpinu, í raun eingöngu vegna þess að frumvarpið kemur seint fram, en ekki vegna þess að varðveislugildi húsa sem byggð voru á árunum

1915-1922 sé almennt hátt. Þessi fjölgun friðaðra húsa (460 hús voru t.d. byggð á árinu 1920) getur mögulega einnig takmarkað möguleika húsafriðunarsjóðs á að sinna sínu lögbundna hlutverki, eins og bent var á í fyrri umsögn sambandsins.


Möguleg mótvægisáðgerð í þessari stöðu gæti verið að setja markmið og verklagsreglur um affriðun húsa, en ekki er gert ráð fyrir því í lögum um menningarminjar að Minjastofnun eða ráðherra sé skylt að skilgreina verklag eða ráðast í áttak í þeim tilgangi. Fullt tilefni er til umræðu um hvernig hægt verði að draga úr reglubyrði hvað þetta varðar.

Að lokum skal bent á að í umsögn Húsafriðunarnefndar er lagt til að umsagnarskylda, sbr. 30. gr. laganna, verði útvíkkuð frá því sem lagt er til í frv. og miðist við árið 1940. Sambandið telur slíka breytingu óráðlega, með vísan til framangreindra ábendinga.

Með vísan til fyrri umsagnar mælist Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að fá að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum. Væntir sambandið þess að nefndin sé reiðubúin að skoða málið með opnum huga og taka ákvörðun út frá því hvaða nálgun sé best til þess fallin að vinna að markmiðum laga um menningarminjar um varðveislu menningararfsins og að teknu tilliti til þeirra fjárheimilda sem í dag er varið til varðveislustarfs í gegnum Húsafriðunarsjóð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Fylgiskjal: Umsögn sambandsins frá 6. október 2022



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2022

2208004SA GB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um menningarminjar (aldursfriðun mannvirkja), 171. mál**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 22. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Einnig vísast til umsagnar sambandsins um áformaskjal, sbr. [mál nr. 141 í samráðsgátt](#). Þá vísast einnig til umsagnar Reykjavíkurborgar um sama mál.

Eins og fram kom í fyrrgreindri umsögn, dags. 15. ágúst 2022, er Samband íslenskra sveitarfélaga sammála því að hverfa frá gildandi reglu um aldursfriðun mannvirkja, þar sem miðað er við að mannvirki njóti friðunar að liðnum 100 árum frá byggingu þeirra. Þess í stað verði miðað við að öll mannvirki sem byggð eru fyrir tiltekið ártal njóti friðunar en að yngri mannvirki geti jafnframt notið friðunar á grundvelli sérstakrar ákvörðunar um friðlýsingu, þar sem tekið er tillit til sérstöðu og verndargildis viðkomandi mannvirkis.

Það viðmiðunarár sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. 1923, þarfnast að áliti sambandsins frekari umræðu. Eins og fram kemur í áðurnefndri umsögn sambandsins og einnig í umsögn Reykjavíkurborgar um sama mál eru ágæt rök til þess að miða fremur við annað hvort árið 1915 eða 1918. Ef valið er ártal sem er nær okkur í tíma leiðir það óhjákvæmilega til þess að mannvirkjum sem njóta sjálfkrafa friðunar vegna aldurs muni fjölga umtalsvert, þótt aðeins í undantekningartilvikum sé um sérstakt verndargildi þeirra mannvirkja að ræða.

Hafa verður í huga að víðtæk aldursfriðun getur skert rétt eigenda viðkomandi húsa til að gera á þeim breytingar. Einnig getur hún skert möguleika sveitarfélaga á að gera ráð fyrir endurnýjun hverfa við gerð skipulagsáætlana. Loks getur hún skert möguleika Húsafriðunarsjóðs til að styrkja viðhald eða endurgerð mannvirkja sem sannarlega hafa verndargildi. Leiðarljós löggjafans þarf því að vera að verndarhagsmunir séu eins skýrir og kostur er. Vert er jafnframt að minna á að aldursfriðun er fjarri því að vera eina leiðin til að tryggja varðveislu mannvirkja með hátt verndargildi.

### **Tillaga**

Til að tryggja sem breiðasta sátt um efni frumvarpsins áður en það verður lagt fram á Alþingi leggjur sambandið til að aflað verði umsagnar húsafriðunarnefndar, sem starfar á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar og skal m.a. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um vernd byggingararfsins. Við umfjöllun nefndarinnar mætti m.a. kalla eftir sjónarmiðum nefndarmanna um hvaða áhrif val löggjafans á aldursviðmiði geti

haft á möguleika húsafriðunarsjóðs til að styrkja nauðsynlegar viðgerðir á friðuðum mannvirkjum.

Að lokum vill sambandið undirstrika að það er tilbúið til að ræða mögulegar leiðir til að ná sem bestri sátt um málið. Í því samhengi kann m.a. að koma til álita að skoða leiðir til að draga úr hættu sem kann að stafa af afturvirkni laga með setningu bráðabirgðaákvæðis þar sem kveða mætti á um stöðu mannvirkja sem myndu að óbreyttum lögum njóta aldursfriðunar.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri